

1981 nr. 61 4. júní**Lög um steinullarverksmiðju**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

■ **2. gr.** Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárbörf vegna

stofnkostnaðar.

3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

□ Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

■ **3. gr.** Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

■ **4. gr.** Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . .**